

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um vöruhappdrætti Sambands
íslenskra berklasjúklinga, nr. 372 25. október 1976.

1. gr.

1. máls. 7. gr. orðist svo: Verð ársmiða er kr. 8.400, en endurnýjunarverð í hverjum flokki kr. 700.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 18 22. apríl 1959, sbr. lög nr. 52 25. maí 1976, öðlast gildi 1. janúar 1997.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 417 12. október 1993.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 15. júlí 1996.

F. h. r.

Ólafur W. Stefánsson.

Jón Thors.

Nr. 407

12. júlí 1996

AUGLÝSING

um umferð í Vestmannaeyjum.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu bæjarstjórnar Vestmannaeyja eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð í Vestmannaeyjum:

1. Bifreiðastöður eru óheimilar austanmegin Heiðarvegar frá gatnamótum Heiðarvegar og Strandvegar að Heiðarvegi nr. 5.
2. Felld er úr gildi ákvörðun um einstefnu til austurs á Foldahrauni milli húsa nr. 24 til 34.
3. Biðskylda skal vera á Básaskersbryggju ofan Geirseyrar á gatnamótum við Tangagötu.

Breytingar þessar taka þegar gildi.

Með auglýsingu þessari eru numin úr gildi þau ákvæði eldri auglýsinga um umferð í Vestmannaeyjum sem brjóta í bága við efni auglýsingar þessarar.

Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum, 12. júlí 1996.

Georg Kr. Lárusson.